

Ed.

243. Nefndarálit

[112. mál]

um frv. til laga um samþykkt á ríkisreikningnum fyrir árið 1959.

Frá minni hl. fjárhagsnefndar.

Í athugasemd, sem fylgir reikningnum frá hinum þingkjörnu yfirskoðunarmönnum hans, segir, að fjármálaráðherra hafi beðið þá að hraða yfirskoðuninni, „eftir því, sem unnt væri,“ og þeir viljað verða við þeim tilmælum, „eftir því, sem þeim væri mögulegt“. Taka þeir fram, 14. október s. l., þegar þeir gefa út athugasemdina, eftirfarandi orðrétt:

„Við yfirskoðun reikningsins kom í ljós, að umboðslega endurskoðunin átti mjög mikið eftir að endurskoða, og ef yfirskoðunarmenn hefðu átt að bíða eftir því, að því verki væri lokið, hefði reikningurinn ekki getað verið afgreiddur frá þeim fyrr en löngu síðar. Fyrir þessar sakir hurfu yfirskoðunarmenn að því ráði að afgreiða reikninginn frá sér, svo fljótt sem þeim var mögulegt.

Samkvæmt greinargerð frá ríkisendurskoðuninni, dags. 12. okt. s. l., hafði hún lokið endurskoðun reikninga fyrir árið 1959 frá 15 aðilum, en hins vegar voru athugasemdir við þá óafgreiddar. Endurskoðun var ólokið á reikningum 42 aðila.“

Minni hluti fjárhagsnefndar telur æskilegt, að ekki dragist lengi að leggja ríkisreikninga fyrir Alþingi, eftir að reikningsárum þeirra lýkur. Hins vegar telur minni hlutinn óviðkunnanlegt og ástæðulaust að leggja svo mikið kapp á þetta að skeyta því ekki, þótt hin umboðslega — eða tölulega — endurskoðun sé ekki lengra á veg komin en yfirskoðunarmenn þessa reiknings lýsa yfir, að hún sé í sambandi við hann.

Minni hlutinn getur fallizt á, að reikningurinn verði samþykktur í þetta sinn, þó að svona sé í pottinn búið. Um það var ekki ágreiningur í nefndinni. En minni hlutinn taldi, að fjárhagsnefnd ætti að láta skýrar í ljós en meiri hlutinn gerir í áliti sínu, að endurskoðun reikningsins væri of skammt á veg komin, — og að ekki ætti að endurtaka sig, að Alþingi væri ætlað að samþykkja ríkisreikning fyrir en endurskoðunin væri að meira leyti um garð gengin.

Um leið og minni hlutinn mælir með samþykkt ríkisreikningsins 1959, telur hann, að í samþykktinni eigi að felast fyrirvari þess efnis, er að framan greinir.

Alþingi, 17. des. 1960.

Karl Kristjánsson, Björn Jónsson.
frsm.